


Þannig mun forsíða íslensku Erró-bókarinnar líta út.



Ein myndanna, sem prýðir listaverkabókina.

Bókin um Erró kemur út í næsta mánuði

LISTAVERKABÓKIN um hinn kunna íslenska málara Erró — Guðmund Guðmundsson — er væntanleg á markaðinn hjá Iceland Review og Almenna bókafélaginu í næsta mánuði, eða skömmu áður en yfirlits-sýning á verkum Erró verður opnuð í Reykjavík í tilefni listahátíðar.

Bókin verður gefin út samtímis á ensku og íslensku. Iceland Review sér um ensku útgáfuna, en Al-

menna bókafélagið um íslensku útgáfuna.

Haraldur Hamar framkvæmdastjóri Iceland Review, sem er upphafsmaður að þessari bók, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að liðin væru nærri 2 ár, síðan hann fór að huga að útgáfu þessarar bókar og þá með viðtölum við Erró og Matthías Johannessen.

„Í upphafi var eingöngu hugmyndin að gefa bókina út á ensku, en síðan seldi Iceland

Review Almenna bókafélaginu íslenska útgáfuréttinn,“ sagði Haraldur.

Haraldur kvað bókina prentaða á Ítalíu og væri íslenska og enska útgáfan prentaðar samtímis. „Erró valdi sjálfur myndirnar í bókina, og birtast myndirnar í réttu tímaröð, þ.e. frá því hann fór frá Íslandi til þessa dags. Þá fylgdist hann sjálfur með litgreiningu mynda og nýlega var hann á Ítalíu til

Framhald á bls 30


Eyjar: Önnur haus-kúpan fannst Tennurnar óskemmdar

HAUSKÚPA af annarri beinagrindinni, sem fannst í holræsis-skurðinum á Brælaeði í Vestmannaeyjum í fyrradag, kom í ljós í gærmorgun, þegar farið var að grafa í stórum malarhaug, sem skurðgrafa hafði mokað upp úr skurðinum. Haldið var áfram að róta í haugnum og skurðinum í gær, en ekki fannst neitt frekar.


Fríðrik Jesson safnvörður í Eyjum sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að í gærmorgun hefði hann fengið menn til að róta í malarhaugnum á skurðbakkanum

og það hefði farið eins og hann hefði grunað: Hluti af annarri haus-kúpunni hefði verið þar.

„Þessi haus-kúpa er nokkuð illa farin, sennilega hefur hún farið svona þegar skurðgrafa rótaði henni upp. En það athyglisverða er að annar tanngarðurinn þ.e. sá sem fannst er mjög heillegur, og hefur engin tönn verið skemmd í manningu,“ sagði Fríðrik. Kvað hann menn myndu halda áfram að grafa á þessum slóðum í gær og jafnvel eitthvað lengur í þeirri von, að fleira fyndist.



Eins og sést á þessari mynd eru tennurnar úr haus-kúpunni algjörlega óskemmdar.



Fríðrik Jesson safnvörður sést hér grafa í skurðvegginn ásamt aðstoðarmönnum sínum. Ljós: Sigurgeir Jónsson.

„Líður senn að því að fólk skrái sig atvinnulaust“

— segir Sveinn Eiðsson sveitarstjóri á Raufarhöfn

„ÞETTA hangir saman enn, en nú líður senn að því að fólk fari að skrá sig atvinnulaust,“ sagði Sveinn Eiðsson sveitarstjóri á Raufarhöfn í samtali við Morgunblaðið í gær þegar hann var spurður um atvinnuástand þar, en sem kunnugt er berst lítt fiskur þangað nú, eftir strand skuttogarans Rauðanúps.

Sveinn sagði, að um 40 smábátar væru gerðir út frá Raufarhöfn um þessar mundir, og væri svona kropp hjá þeim. Flestir bátanna væru nú á grásleppuveiðum Veidín hjá þeim hefði verið sémileg fyrst, en síðan hefði hún dottið niður, en glæðst á ný nú síðustu daga. Þá væru nokkrir bátar á þorskanetum, en afli þeirra væri mjög tregur.

„Ástandið er því ekki glæsilegt hjá okkur, en það sem gerir andrúmsloftið betra hjá Raufarhafnarbúum er að nú er vor í lofti, og fólk tekur þá ekki eins nærri

sér að fá nokkurra daga frí.

Það er því ekki mikið framundan hjá okkur, en að sjálfsögðu finnst manni sárt að heyrja að járníðnaðarmenn ætli sér að gera okkur lífið leitt. Togarinn hefur til þessa bjargað staðnum, og aflað alla tíð vel,“ sagði Sveinn.

Náttúruverndarþing um helgina

20 svæði friðlýst á sl. 3 árum

Náttúruverndarþing verður sett í dag á Hótel Loffleiðum. Sækja það um 120 fulltrúar víðs vegar að af landinu, fulltrúar náttúruverndarnefnda, sem eru í hverri sýslu og hverjum kaupstað, svo og fulltrúar ýmissa samtaka, stjórnmalaflokka og náttúruverndarráð. Náttúruverndarþing er haldið þriðja hvert ár og er þetta þriðja þingið, en þar er fjallað um náttúruvernd landsins og þau verkefni, sem brýnast er talið að leysa.


Eysteinn Jónsson, formaður Náttúruverndarráðs, mun setja þingið kl. 9. Þá flytur Vilhjálmur Hjálmarsson ávarp, en síðan verður gengið til þingstarfa. Í dag verða flutt sex erindi um náttúruverndarmál: Páll Línal talar um endurskoðun náttúruverndarlaga, Hrafn V. Friðriks-son um mengunarmál, Sigurður Þórarinnsson og Arnþór Garðarsson um vatna- og jarðhitasvæði, Vilhjálmur Lúdvíksson um val á stöðum til iðnrekstrar og Eyþór Einarsson um verndun villtra dýra og plantna.

Fyrir þinginu liggja ýmis mikilvæg mál, auk þeirra sem að ofan eru nefnd, svo sem meðferð auðlinda, fræðsla um náttúruvernd og umferðarréttur um landið.

FRIÐLÝSINGAR OG NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Fyrir þinginu liggur ítarleg skýrsla um störf Náttúruverndarráðs síðan síðasta þing var haldið 1975. Kemur þar m.a. fram að 20

Framhald á bls 30



Ragnar Páll að Kjarvalsstöðum

LAUGARDAGINN 29. apríl opnar Ragnar Páll Einarsson málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Þetta er níunda einkasýning Ragnars Páls en síðast sýndi hann í Bogasalnum í júní í fyrra. Hann hefur auk þess tekið þátt í mörgum samsýningum, meðal annars í Þýskalandi og Danmörku.

Á sýningunni að Kjarvals-

stöðum eru 78 málverk, þar af eru 40 til sölu og eru þau máluð á síðustu fjórum árum. Verð sölumyndanna er frá 70 til 400 þúsund krónur.

Sýnd eru olíumálverk, portrait, vatnslitamyndir og pastelmyndir. Myndefnin eru flest sótt í íslenska náttúru og atvinnulíf. Mörg af landslagsmálverkunum eru frá

Austurlandi en þar hefur listamaðurinn dvalið síðustu tvö sumur. Einnig eru málverk frá Snæfellsnesi, úr Mývatnssveit, frá Þingvöllum, úr nágrenni Reykjavíkur og víðar að.

Sýning Ragnars Páls að Kjarvalsstöðum verður opin daglega kl. 14-22 til sunnudagskvölds 7. maí.